

AUGLÝSING
(XII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga
um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 557, 25. júní 2009 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2008/2009 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Ísafjarðarbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Ísafjarðarbæjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Úthlutuðum byggðakvóta verður skipt þannig að af 64 þorskígildistönnum sem úthlutað var á Ísafjarðarbæ koma:
- 31 þorskígildistonn í hlut fiskiskipa á Ísafirði.
 - 5 þorskígildistonn í hlut fiskiskipa á Þingeyri, auk þeirra 26 þorskígildistonna, sem er sérúthlutað til Þingeyrar.
 - 16 þorskígildistonn í hlut fiskiskipa á Suðureyri, auk þeirra 15 þorskígildistonna sem er sérúthlutað á Suðureyri.
 - 12 þorskígildistonn í hlut fiskiskipa í Hnífsdal, auk þeirra 19 þorskígildistonna sem er sérúthlutað á Hnífsdal.
- Sérúthlutun til Flateyrar er 150 þorskígildistonn.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. mars 2010.

F. h. r.
Hinrik Greipsson.

Kristján Freyr Helgason.